



UPPLÝSINGARJÖF
UM SJÁLFBÆRAN
REKSTUR

Sjálfbærni- upplýsingagjöf



Reynir Smári Atlason
Forstöðumaður sjálfbærnimála
hjá Creditinfo



Jóhanna Hlín Auðunsdóttir
Forstöðumaður loftslags og
grænna lausna hjá Landsvirkjun



Sveinn Margeirsson
framkvæmdastjóri nýsköpunar
og loftslagsmála hjá Brim




Andri Guðmundsson
Meðstofnandi Vaxa



Aðalheiður Snæbjarnardóttir
Sjálfbærnistjóri Landsbankans og varaformaður Festu

Byrjum á réttum enda

- Sjálfbærniáherslur fyrirtækja þurfa að snúast um það hvernig fyrirtækið aflar tekna og í hvað það ver fjármunum sínum



Áhrif á náttúru
og samfélag

Auðlindir og áhrif

Hvaða auðlindir nýtir fyrirtækið? Hvernig farið þið með þær? Eru auðlindirnar takmarkaðar? Verður til úrgangur eða losun? Hvaða áhrif hefur auðlindanýting ykkar? Hvernig er farið með starfsfólki en í virðiskeðjunni? Skapið þið virði fyrir samfélagið og/eða náttúruna?

Sjálfbærnitengdar
fjárhagslegar
áhættur

Tækifæri og ógnanir

Hvaða náttúrulegu breytingar hafa áhrif á starfsemina? hvaða fyrirséðu breytingar gætu haft áhrif? Hvernig munu umbreytingar á mörkuðum, lagaumhverfi, tækniþróun ofl. hafa áhrif á starfsemina og virðiskeðjunar?

Væntingar og
áherslur hagaðila

Samtal og samvinna


Hver koma að starfseminni og fjármögnun hennar? Hver nýta starfsemina og hvaða leyfum er hún háð? hverjar eru væntingar þeirra aðila sem hafa eitthvað um starfsemina að segja? hafa þau áhyggjur? Af hverju þá? Sjá þau tækifæri? og þá hver?

Hvernig
gæti þetta
litið út?

Vægi og mikilvægi

Greiningin á við um virðiskeðjuna jafnt sem eigin starfsemi og langtíma jafnt sem skammtíma

Upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni



Sjálfbærniupplýsingar – hvar miðlum við þeim?

- **Sjálfbærniskýrslu**
 - Líklega algengast staðurinn til að miðla sjálfbærniupplýsingum er í gegnum sérstaka sjálfbærniskýrslu sem er þá oftast rituð samkvæmt viðmiðum eða leiðbeiningum af glærunni á undan.
- **Ársskýrslu**
 - Sjálfbærniskýrsla er oft hluti af ársskýrslu fyrirtækja og er þá sjálfbærniupplýsingum yfirleitt miðlað í gegnum sjálfbærnikafla í skýrslunni.
- **Ársreikningi**
 - Stór fyrirtæki verða að miðla upplýsingum um ófjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslu – hversu víðtæk sú upplýsingagjöf er geta fyrirtæki ennþá að miklu leiti skilgreint sjálf.
- **Heimasíðu**
 - Hægt er að miðla upplýsingum á heimasíðu á svæði tileinkuðu sjálfbærni og upplýsingum þeim tengdum.
- **Annað?**
 - Eru aðrir valmöguleikar í boði sem eru aðgengilegir fyrir haghafa upplýsinganna?

Afleidd áhrif CSRD

- CSRD (e. Corporate sustainability reporting directive) var samþykkt lok árs 2022 og mun innleiðing hefjast 2024
- Kemur í stað tilskipunar um birtingu sjálfbærniupplýsinga
- Töluvert víðtækara gildissvið en reglurnar munu ná til um 50 þúsund fyrirtækja í stað um 11 þúsund fyrirtækja í dag
- Sjálfbærniupplýsingar verða þá hluti af ársreikningi og endurskoðaðar af óháðum þriðja aðila
- Fyrirtæki sem falla undir CSRD munu þurfa viðeigandi sjálfbærniupplýsingar um alla aðila í virðiskeðjunni óháð því hvort CSRD nái yfir þau eða ekki til að geta uppfyllt kröfurnar sem eru gerðar til þeirra af CSRD

Vegvísar atvinnulífsins

- Í gangi er samtal ríkisins við SA sem fulltrúa atvinnugreina um gerð vegvísa atvinnugreina í loftslagsmálum
- Hugmyndafræði sem gengur út á að atvinnugreinar setji sér loftslagsmarkmið og vegvísa (aðgerðaáætlanir) til að ýta undir að Parísarsáttmálinn haldi og loftslagsmarkmið ESB (Íslands) muni nást
- Vinna er í gangi innan 11 atvinnugreina. Gert er ráð fyrir að hver atvinnugrein skili drögum að vegvísi til SA í lok febrúar og að loftslagsvegvísunum atvinnulífsins verði skilað til ríkisins í mars
- Í maí verði haldið grænt viðskiptaþing. Mælaborð kynnt
- Stöðuskýrsla vegvísa verði gefin út í janúar hvert ár

Glærur undirbúna af vinnuhópi Festu

- Meðlimir vinnuhóps: Aðalheiður Snæbjarnardóttir, Jóhanna Hlín Auðunsdóttir, Reynir Smári Atlason og Sveinn Margeirsson.
- Hópurinn fékk góðan hóp hagaðila til að hitta sig og ræða sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja. Markmiðið var að kjarna hver væru aðalatriðin sem hægt væri að miðla áfram til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref á einfaldan hátt. Vinnuhópurinn vill þakka fyrir hjálpina
- Vinnuhópurinn hvetur til þess að samtal um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja verði haldið áfram.
- Eindreginn samhljómur í samtali við hagaðila
 - Mikilvægisgreining fyrirtækja er mikilvægasta fyrsta skrefið
 - Mikið er til af efni hjá fyrirtækjum sem þarf að taka saman og miðla á viðeigandi hátt á réttum stöðum
 - Óþarfi að finna upp hjólið í hvert sinn sem gera á sjálfbærniskýrslu. Nýta fyrirmyndir og samstarf sem er þegar til staðar.
- Takk fyrir að gefa ykkur tíma til að taka þátt!

Hagaðilar sem vinnuhópurinn ræddi við

- Ábyrgar lausnir, Deloitte, Efla, EY, Háskóli Íslands, Klappir, Kontra, KPMG, Mannvit, Podium, PwC, SA, SFF, SFS, Umhverfisstofnun og VSÓ
- Er þeim þakkað fyrir að taka þátt í samtalinu og miðla af sinni þekkingu og reynslu.